

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrár Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 25. og 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrár Orkubús Vestfjarða er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrár Orkubús Vestfjarða nr. 357 og 358 24. ágúst 1993:

#### Raforka.

##### *Taxti A.2 Skammtímanotkun.*

Taxtinn er lagður niður og notendur eru færðir á taxa A.1. Orkugjald þessara notenda lækkar úr 9,04 kr/kWh í 6,04 kr/kWh.

##### *Taxti A.5 Markmæling.*

Orkugjald af allri notkun lækkar úr 2,45 kr/kWh í 2,48 kr/kWh. Sérstakur afsláttur lækkar úr 0,244 kr/kWh í 0,18 kr/kWh.

##### *Taxtar C.1/D.1 Hitun.*

Orkugjald lækkar úr 3,35 kr/kWh í 3,37 kr/kWh. Sérstakur afsláttur lækkar úr 0,34 kr/kWh í 0,26 kr/kWh.

##### *Taxtar C.2/D.2 Næturhitun.*

Orkugjald lækkar úr 2,26 kr/kWh í 2,29 kr/kWh. Sérstakur afsláttur lækkar úr 0,40 kr/kWh í 0,26 kr/kWh.

#### Hitaveitur.

##### *Taxtar H490/H499 Orka og vatnsmagn.*

Orkugjald lækkar úr 2,72 kr/kWh í 2,84 kr/kWh. Rúmmetragjald lækkar úr 24,23 kr/m<sup>3</sup> í 20,00 kr/m<sup>3</sup>. Sérstakur afsláttur lækkar úr 0,29 kr/kWh í 0,21 kr/kWh.

##### *Taxti I480 Vatnsmagn.*

Rúmmetragjald lækkar úr 113,00 kr/m<sup>3</sup> í 136,00 kr/m<sup>3</sup>. Veittur er sérstakur afsláttur vegna hitunar íbúðarhúsnæðis, sem er 51,00 kr/m<sup>3</sup>. Afslátturinn takmarkast við 740 rúmmetra árlega notkun hverrar íbúðar.

##### *Taxti H498 Orka.*

Orkugjald lækkar úr 1,76 kr/kWh í 1,85 kr/kWh. Rúmmetragjald lækkar úr 15,77 kr/kWh í 13,00 kr/kWh.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1993.*

F. h. r.  
**Porkell Helgason.**

Steinunn Bjarman.